

Sveitarfélagið Hornafjörður
Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík, 10. september 2012
Tilvísun: UST20120700152/bs

Lýsing deiliskipulags Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi og deiliskipulag þjónustusvæðis-Umsögn

Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Hornafjörður þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu deiliskipulags og deiliskipulag þjónustusvæðis.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við umrætt deiliskipulag:


Í greinargerð deiliskipulags á bls 11 segir m. a. um ásýnd svæðisins: *"Aukin uppbygging mun breyta ásýnd svæðisins og því er mikilvægt að marka stefnu og setja skilmála sem tryggja að mannvirki og landslagsmótun falli sem best að sérkennum svæðisins."* Umhverfisstofnun telur að fara eigi varlega í uppbyggingu mannvirkja næst Jökulsárlóni, þar sem slík mannvirkjagerð gæti haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og haft jafnframt neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Því telur Umhverfisstofnun að falla eigi frá mannvirkjagerð á vesturbakka lónsins, mannvirkjasvæði M1. Forðast ætti að skipuleggja svæðið með þeim hætti að bílastæði verði á báðum bökkum lónsins og halda eigi bökkunum sem mest ósnortnum þannig að lónið fái að njóta sín sem best og það verði ekki rammað inn í mannvirki. Því ætti að mati stofnunarinnar að beina umferð að austur bakkanum ofan og neðan vegar eins og ráðgert er í deiliskipulagi en að svæðinu vestan megin verði hlíft og komið verði í veg fyrir bílaumferð þeim megin lónsins. Enn fremur telur Umhverfisstofnun að frekar ætti að staðsetja ætti þjónustumiðstöð fjær lóninu og staðsetja byggingar fast að jökulöldu skammt austan þess staðar sem sýndur er á deiliskipulagsupprætti. Umhverfisstofnun leggur áherslu á það að við hönnun mannvirkja verði 35. gr. laga um náttúruvernd fylgt, en þar segir að við hönnun mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands bæði hvað varðar, staðsetningu, efnisval og liti.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í deiliskipulagi fyrir svæðið verði gerð grein fyrir því á hvaða hátt akstur utan skipulagðra bílastæða og vega verði takmarkaður til að koma í veg fyrir utan vega akstur á svæðinu.

Að lokum vill Umhverfisstofnun varpa fram þeirri spurningu hvort ekki ætti að gera greinarmun á útsýnisstað annars vegar og áningarstað hins vegar. Frá fyrrnefndum stað á að

vera fagurt útsýni en á síðarnefnda staðnum á að vera skjól þannig að lengri viðvera á staðnum verði möguleg og ánægjuleg.
Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við umrædda lýsingu deiliskipulags og deiliskipulag.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri
Skipulagsstofnun


Björn Stefánsson

